

REGLUGERÐ

um styrk til þúfnasléttunar í túnnum, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í jarðræktarlögum nr. 54 frá 4. júlí 1942.

1. gr.

Búnaðarsambönd láta, hvert á sínu svæði, mæla allt túnþýfi á öllum lögbyllum innan síns umdæmis. Skulu héraðsráðunautar og trúnaðarmenn framkvæma þetta, og færa á skýrslur fyrir hvert búnaðarfélag á sambandssvæðinu. Mælingum þessum skal lokið fyrir 1. janúar 1945 og skulu skýrslurnar sendast Búnaðarfélagi Íslands ásamt með jarðabótaskýrslunum ár hvert.

2. gr.

Undir þessa mælingu heyrir allt það túnþýfi, þó ekki fitjar eða óhæfilega grýtt tún, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni jarðanna, enda þótt landinu hafi verið áður bylt, ef sléttun þess er gerð fyrir gildistöku jarðræktarlaga árið 1923, án styrks samkvæmt þeim, og er svo ábótavant, að það sé ekki véltækt.

3. gr.

Við mælinguna skal trúnaðarmaður meta hve mikill hluti túnþýfisins telst sléttunarhæfur, og ber eigi að greiða aukastyrk þann, er jarðræktarlög gera ráð fyrir, á þau tún, þar sem sléttunarkostnaður vegna grjónáms, eða af öðrum ástæðum, verður mun hærri en nýræktarkostnaður á sömu jörð. Eigi skal heldur aukastyrkur greiddur ef lega lands eða aðrar aðstæður eru þannig, að túnið getur ekki orðið véltækt að sléttun lokinni.

4. gr.

Þeir, sem styrks vilja njóta samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í jarðræktarlögum, skulu minnst slétta árlega $\frac{1}{10}$ af þýfi því, sem tilgreint er á skýrslum búnaðarsambandanna að sé ósléttað, en sléttunarhæft á viðkomandi jörð, og ber að greiða á sléttunina styrk, svo sem hér segir:

Á þaksléttu	kr. 5.00 fyrir 100 m ²
– græðisléttu	— 4.00 — 100 —
– sáðsléttu	— 5.00 — 100 —

Styrktarfjárhæðin greiðist að viðbætti verðlagsuppbót, samkvæmt ákvæðum 10. gr. jarðræktarlaga.

5. gr.

Um úttekt þessara jarðabóta og um frágang þeirra, gilda hinar sömu reglur og um úttekt jarðabóta, sem styrkhæfar eru samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, að því er við kemur ákvæðum 4., 7. og 8. gr. reglugerðar um framkvæmd jarðræktarlaga, staðfestri af landbúnaðarráðuneytinu 20. febrúar 1940.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt jarðræktarlögum nr. 54 4. júlí 1942 til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóvember 1942.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.